

Lagt fyrir fund velferðarráðs 2. september 2026

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um kortlagningu þjónustubila, kostnaðarþróunar og áhrifa biðlista ríkisins

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að kortleggja þjónustubil í þjónustu við börn og fjölskyldur og meta sérstaklega hvernig tafir og biðlistar eftir úrræðum sem heyra undir ríkið hafa áhrif á þjónustu Reykjavíkurborgar.

Í kortlagningunni verði meðal annars greint hvar tómarúm myndast í þjónustukeðjunni, hvaða úrræði borgin grípur til á meðan beðið er eftir þjónustu annarra aðila og hvernig kostnaður við mismunandi þjónustuleiðir hefur þróast. Jafnframt verði, eftir því sem gögn leyfa, lagt mat á þann viðbótarkostnað og aukna þjónustupörf sem fellur á Reykjavíkurborg vegna tafa og biðlista í kerfum ríkisins.

Niðurstöðurnar verði jafnframt flokkaðar eftir því hvaða þættir eru á forræði Reykjavíkurborgar og hvaða þættir ráðast af þjónustu, fjármögnun eða ákvörðunum ríkisins. Á grundvelli þeirrar greiningar verði settar fram tillögur um þau atriði sem borgin getur sjálf bætt og þau atriði sem kalla á samvinnu, skýrari verkaskiptingu eða viðræður við ríkið.

Greinargerð:

Til þess að bæta þjónustu við börn og fjölskyldur þarf að liggja skýrt fyrir hvar tafir verða, hvað veldur þeim og hver ber ábyrgð á að leysa vandann. Bið eftir úrræðum ríkisins getur haft áhrif langt út fyrir viðkomandi þjónustupátt og meðal annars aukið álag, lengt mál og aukið kostnað hjá Reykjavíkurborg.

Með því að setja tölur á þessi áhrif fæst betri grunnur fyrir forgangsörðun og umbætur innan borgarinnar. Jafnframt skapast traustari gagnagrunnur fyrir hagsmunagæslu og viðræður við ríkið um ábyrgð, fjármögnun og nauðsynleg úrræði.